

Ritdómur

Climate Justice: Hope, Resilience, and the Fight for a Sustainable Future,
eftir Mary Robinson,
New York: Bloomsbury, 2018, 163 bls.

Það fjölgar stöðugt í hópi þeirra sem vilja láta um sig muna í umræðunni um loftslagsbreytingar og þá hættu sem íbúum jarðar stafar af þeim breytingum. Ein af áhrifamestu einstaklingunum í hópi þeirra sem hafa notað sambönd sín og áhrif til að vekja athygli á mikilvægi þess að brugðist sé við af fullri alvöru, og það án tafar, er Mary Robinson, fyrrverandi forseti Írlands (1991–1997) og yfirmaður mannréttindamála hjá Sameinuðu þjóðunum (1997–2002), sem í dag er sérstakur talsmaður Sameinuðu þjóðanna um loftslagsmál. Robinson stýrir jafnframt stofnuninni *Mary Robinson Foundation — Climate Justice*, sem er önnur tveggja stofnana sem hún hefur komið á fót. Robinson er líka einn af upphaflegum fulltrúum í hópi „öldunga“ (e. *The Elders*), einstaklinga víðs vegar að úr heiminum sem hafa gegnt áhrifamiklum leiðtogahlutverkum og hafa, síðan árið 2007, beitt sér í erfiðum deilumálum á áttakavæðum þar sem mannréttindi eru fótum troðin. Nelson Mandela var stofnandi og leiðtogi þessa hóps á upphafsárum hans en í hópnum eru m.a., auk Robinson, Jimmy Carter, Kofi Annan, Desmond Tutu, Graça Machel, Gro Harlem Brundtland og Martti Ahtisaari. Mary Robinson var árið 2018 skipuð formaður þessa kraftmikla hóps sem hefur beitt áhrifum sínum víða um heim í nafni friðar, réttlætis, jafnréttis og sáttargjörðar.¹

Síðustu 15 árin hefur Mary Robinson helgað sig baráttunni fyrir réttlátum viðbrögðum við hlýnun jarðar. Hún segist ekki lengur vilja tala um loftslagsbreytingar, þar sem um sé að ræða of hlutlaust hugtak. Hún telur frekar við hæfi að tala um neyðarástand, hamfarir eða beinlínis hrun í loftslagsmálum.² Sjálf segir hún að sögur þeirra einstaklinga sem hún fjallar um í bók sinni séu orsökkin fyrir því að hún velji að tala um loftslagsréttlæti (e. *climate justice*), þar eð mestu skipti að beina athyglinni að mannréttindum og baráttunni fyrir réttlæti til handa þeim sem veikast standa gagnvart yfirvofandi ógn en hafa um leið átt minnstan þátt í að skapa hana (bls. x). Þannig sé til einskis að berjast fyrir réttindum þeirra sem líða skort — s.s. fyrir rétti þeirra til að hafa aðgang að fæðu, hreinu vatni, heilbrigðisþjónustu, menntun og húsaskjóli — nema taka tillit til þeirra áhrifa sem hækkandi hitastig hefur í för með sér (bls. 4). Baráttuna gegn fátækt, útilokun og ójafnrétti verði því að heyja samhliða baráttunni gegn loftslagsvánni.

¹ Mary Robinson og Tessa Robinson, *Everybody Matters: My Life Giving Voice*, New York: Walker & Company, 2012, bls. 284–287.

² Rachel O'Connor, „Mary Robinson’s ‘3 Steps for Climate Justice’ and Advice for Extinction Rebellion“, *The Irish Post*, 25. október 2019, <https://www.searchnewworld.com/search/search2.html?partid=snschbng&p=Mary+Robinson+climate+crisis&subid=446>.

Bók Robinson á upphaf sitt á fundum kvenleiðtoga á síðustu árum vegna loftslagsmála þar sem konum víðs vegar að úr heiminum hefur verið boðið að koma og segja frá reynslu sinni og samfélaga sinna af afleiðingum af breyttu loftslagi. Robinson safnaði saman sögum kvenna og karla, sem allar bera vitni um þrautseigju, hugrekki og baráttu fyrir loftslagsréttlæti, andspænis erfiðleikum, vonleysi og óréttlæti sem rekja má til hamfarahlýnunar. Fólkið á bak við sögurnar er víða að, m.a. frá Úganda, Mississippi, Alaska, heimkynnum Sama, Víetnam, Kiribati og Ástralíu og á það sameiginlegt að líta á það sem skyldu sína að bregðast við aðsteðjandi vanda og leggja sitt af mörkum til þess að hjálpa fólki að aðlagast breyttum aðstæðum. Það er von Robinson að vitnisburður þessa fólks geti hvatt annað fólk í svipuðum aðstæðum til dáða og kveikt vonarneista þar sem vonleysið hefur tekið völd.³

Constance Okollet, frá Úganda, er ein þeirra sem í bók Robinson greinir frá áhrifum loftslagsbreytinga á lífsskilyrði fólks sem hefur þegið lífsviðurværi sitt frá búskap, en á sífellt erfiðara með að sjá fyrir sér og sínum vegna áður óþekktra aðstæðna. Okollet, sem sjálf lýsir sér sem „vitni að loftslagsbreytingum“ (e. *climate change witness*), var sannfærð um að þessar breyttu aðstæður væru verk Guðs, þar til hún heyrði á fundi um loftslagsmál að þær væru að miklu leyti afleiðingar af lífsháttum ríka fólksins á Vesturlöndum. Hún er gott dæmi um konu sem ákvað að taka málin í sínar hendur og hjálpa fólkinu sínu að bregðast við aðsteðjandi vanda, með því t.d. að bjóða nágrennum sínum að koma saman vikulega til að deila reynslu sinni og finna styrk í samstöðunni. Þá ferðast hún á milli kirkna og talar við fólk eftir guðsþjónustu um loftslagsvána og hvetur það til þess að bregðast við með því að planta trjám (bls. 24–25).

Rannsóknir sýna að hlýnun á norðurslóðum er tvöfalt hraðari en annars staðar á jörðinni. Íbúar í Alaska, þar sem 85% íbúa fylkisins eru búsettir meðfram ströndinni, hafa fundið harkalega fyrir áhrifum hlýnunarinnar. Patricia Cochran, sem er af ættum frumbyggja, hefur í áratugi starfað við að hjálpa fólkinu sínu við að bregðast við áhrifum loftslagsbreytinganna. Starf hennar felst fyrst og fremst í því að koma á tengslum milli samfélaga frumbyggja í Alaska og fulltrúa stjórnvalda og sérfræðinga á þeirra vegum. Mörg þessara samfélaga hafa þurft að flytja sig um set þar sem hlýnandi loftslag hefur orðið til þess að jarðvegur þiðnar og hús ýmist sökkva eða steypast í sjóinn (bls. 48–49). Cochran ferðast einnig til annarra fylkja Bandaríkjanna til að fræða íbúa þar um hnattræna hlýnun og áhrif hennar á íbúa Alaska. Hún segir það hafa komið sér á óvart hversu lítið margir samlandar hennar vita um þær afleiðingar sem hlýnandi loftslag hefur þegar haft á lífsskilyrði fólks norður við Íshaf og þau áhrif sem íbúar í suðri geta búist við á komandi árum og áratugum, t.d. við strendur Flórídaskaga.

Líkt og frumbyggjar Alaska, hafa Samar á norðurslóðum fundið fyrir miklum breytingum á veðurfari og áhrifum þess á umhverfið síðustu áratugi. Robinson segir sögu Jannie Staffansson sem er Sami og gegndi mikilvægu hlutverki sem talskona frumbyggja á norðurslóðum á Parísarfundinum í desember 2015. Staffansson, sem er frá Samabyggðum í Norður-Svíþjóð, er efnafræðingur að mennt og ferðast á vegum Samaráðsins um heiminn í þeim tilgangi að uppfæra fólk um lífnaðarhætti Sama og baráttu þeirra við breyttar aðstæður og harðnandi lífskjör. Vegna hlýnandi loftslags er orðið erfitt að stunda hefðbundinn hreindýrabúskap og vaxandi fjöldi fólks og hreindýra fellur í vakir í bráðandi ísnum og týnir þannig lífi. Þá er framtíð þeirra í hættu vegna olíu- og gasvinnslu, sem og vindmyllugarða,

³ Í sjálfsævisögu sinni, *Everybody Matters: My Life Giving Voice*, segir Robinson frá því hvernig hún lagði í starfi sínu sem yfirmaður mannréttindamála hjá SP áherslu á að hlusta á frásögur þeirra sem brotið hafði verið á og flytja sögur þeirra áfram til að vekja athygli á málstað þeirra. Sjá Robinson, *Everybody Matters*, bls. 215–216.

sem hafa neikvæð áhrif á daglegt líf þeirra og lífsviðurværi. Samar hafa, eins og fleiri minnihlutahópar, orðið fyrir því að réttindi þeirra eru fótum troðin af stærri og valdameiri hópum. Þetta hefur verið reynsla Staffansson og fjölskyldu hennar af sænskum stjórnvöldum og öðrum sem hafa sýnt mikið skilningsleysi á afleiðingum hlýnandi loftslags á lífshætti Sama. Staffansson var áþreifanlega minnt á þetta á fundinum í París 2015 en það kostaði hana og aðra fulltrúa frumbyggja mikla baráttu að fá inn ákvæði um réttindi þeirra í samkomulagið áður en það var undirritað (bls. 64–65).

Vegna risavaxinnar strandlengju Víetnams eru strandhéruð og byggðir á árbökkum inn til landsins í sérstakri hættu vegna hækkandi sjávarborðs í kjölfar hlýnandi veðurfars. Vu Thi Hien starfaði við landbúnaðardeild háskólans í Hanoi þegar hún ákvað að helga sig starfi í þágu fátækra samfélaga minnihlutahópa, varðveislu skóga og líffræðilegs fjölbreytileika, en skógareyðing er, eins og þekkt er, ein af aðalástæðum fyrir hlýnun jarðar. Samfélög frumbyggja gegna oft lykilhlutverki þegar kemur að viðhaldi og varðveislu skóga. Hien hefur náð mikilsverðum árangri í samstarfi við fátæk samfélög um varðveislu skóga, sem er ekki aðeins mikilvægt innlegg í baráttuna gegn áframhaldandi hlýnun, heldur einnig við að auka líffræðilegan fjölbreytileika. Í starfi sínu hefur Hien lagt mikla áherslu á að valdefla konur með því að sjá til þess að á þær sé hlustað og tryggja að þær hafi atkvæðisrétt þegar kemur að ákvarðanatöku í mikilvægum málum. Þannig hafa konur orðið virkir þátttakendur í uppbyggingu samfélagsins og þeim gert kleift að leggja sitt af mörkum við að hlúa að framtíð komandi kynslóða.

Hér hafa aðeins verið nefnd nokkur dæmi af sögum sem Mary Robinson rekur í bók sinni um loftslagsréttlæti. Bókin er ekki stór að vöxtum en boðskapur hennar er fjarri því að vera smár. Þrátt fyrir langa reynslu af starfi sínu í þágu mannréttinda viðurkennir Robinson að það hafi ekki verið fyrir en eftir að hún lét af störfum sem yfirmaður Mannréttindastofnunar Sameinuðu þjóðanna og setti á laggirnar stofnun sína, *Realizing Rights — The Ethical Globalization Initiative*, sem hún starfrækti frá 2002–2010 í New York, að hún áttaði sig á áhrifum loftslagsbreytinga á daglegt líf fjölda manns sem njóta ekki grundvallarmannréttinda. Ferðalög hennar á meðal þurfandi í Afríku höfðu mikil áhrif á hana en þar var henni stöðugt sagt að „hlutirnir væru svo miklu verri núna“ (bls. 2–3). Hún segir það hafa markað straumhvörf í starfi sínu þegar hún áttaði sig á að það væri tilgangslaut að vinna í þágu hinna verst settu til að hafa aðgengi að mat, vatni, menntun, heilbrigðisþjónustu og húsaskjólí án þess að taka afleiðingar hlýnunar jarðar inn í myndina. Árið 2003 eignaðist Robinson svo fyrsta barnabarnið sitt. Við það rann upp fyrir henni mikilvægi þess að vinna að því að tryggja framtíð komandi kynslóða meðan enn er tími til. Í framhaldinu stofnaði hún *Mary Robinson Foundation — Climate Justice* árið 2010 og hefur helgað líf sitt baráttunni fyrir loftslagsréttlæti síðan. Bók hennar *Climate Justice: Hope, Resilience, and the Fight for a Sustainable Future* er mikilvægt innlegg inn í þá baráttu. Markmiðið er að raddir þolenda hamfarahlýnunar fái að heyrast og frásögur þeirra hvetji til aðgerða þar sem tölur og línurit duga ekki ein og sér. Það skyldi þó ekki vera að það eigi eftir að reynast áhrifameiri vopn í þessari baráttu að segja frá líf skjörum fórnarlamba gróðurhúsaáhrifa en að týna sér í tölulegum upplýsingum og gröfum sem sýna líkurnar á því að við náum (ekki) þeim markmiðum sem sett eru fram í Parísarsáttmálanum. Staðreyndin er sú að mörg þessara fórnarlamba hafa nú þegar þurft að flýja heimili sín og heimaslóðir og önnur sjá fram á að þurfa að gera það í nánustu framtíð. Ef saga þeirra nær ekki að hreyfa við okkur er spurning hvort nokkuð eigi eftir að gera það — annað en að við sjálf stöndum frammi fyrir sömu ógn.